

**Nd.**

**426. Nefndarálit**

**[32. mál]**

um frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 1967.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er að bæta við raforkulögin ákvæði til bráðabirgða, þar sem lagt er fyrir Orkustofnun, ef frv. verður að lögum, að gera lokaáætlun um rafvæðingu landsins með það fyrir augum, að rafvæðingunni, sem hófst árið 1954, verði lokið eigi síðar en fyrir árslok 1973. Jafnframt er lagt fyrir ráðherra að undirbúa tillögur um fjáröflun til að ljúka áætluninni fyrir árslok 1973 og leggja þær tillögur fyrir Alþingi. Lagt er fyrir Orkustofnun að ljúka áætluninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Yrði frv. að lögum í marz eða apríl, ætti áætlunargerð því að verða lokið í júlí eða ágúst á næsta sumri og tillögur ráðherra um fjáröflun að geta komið til meðferðar á Alþingi í haust. Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem Orkustofnun hefur þegar aflað, ætti að vera hægt að ljúka sjálfri áætlunargerðinni á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, þ. e. a. s. á 3 mánuðum.

Frv. þessu var útbýtt á Alþingi 15. okt., en afgreiðsla málsins hefur því miður dregið helzt til lengi. Vera má, að flutningur frv. hafi haft þau áhrif, að gerð áætlunar sé þegar hafin, en minni hl. telur sjálfsagt, að Alþingi birti nú ótvíræðan vilja sinn og ákvörðun í þessu máli. Hjá þeim, sem enn eru rafmagnslausir eða búa við dísilstöðvar, sem víða eru að þrotum komnar, er biðin orðin löng og mál, að þeirri óvissu linni, sem ríkt hefur um framtíðina á þessu sviði.

Minni hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 32.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Gísli Guðmundsson,  
frsm.

Eðvarð Sigurðsson.

Þórarinn Þórarinsson.